


Frjómælingar á Akureyri og í Garðabæ í júlí 2014

Fréttatilkynning frá Náttúrufræðistofnun Íslands, 8. ágúst 2014.


Akureyri. Heildarfjöldi frjókorna í júlímánuði reyndist 2567 frjó/m³ sem er vel yfir meðaltali áranna 1998 – 2013 (764 frjó/m³). Mest var um grasfrjó í lofti á Akureyri í júlí eða 2389 frjó/m³ sem er langt yfir meðaltali (534 frjó/m³). Í júlí mældust frjótala grasa 50 frjó/m³ eða hærri í 12 daga og hæst fór frjótalan í 345 frjó/m³ þann 24. júlí. Aldrei hefur mælst hærri frjótala á Akureyri síðan að mælingar hófust en munar þó ekki miklu því þann 18. ágúst 2003 fór frjótala grasa í 341 frjó/m³. Heildarfjöldi grasfrjóa það sem af er sumari er nú þegar kominn í 2720 frjó/m³ og hefur aldrei orðið hærri og á þó eftir að taka sama tölur fyrir ágúst. Áður hafði heildarfjöldi grasfrjóa hæst farið í 2488 frjó/m³ sumarið 2003. Grasfrjó voru yfir 90 % af þeim frjógerðum sem mældust í júlí en næst algengust voru súrufrjó og var heildarfjöldi þeirra í júlí 35 frjó/m³.



Myndritið sýnir grasfrjó, súrufrjó og heildarfrjótölu (línan) frá 1. júlí til 31. júlí. Hæst varð frjótala grasa 345 frjó/m³ þann 24. júlí. **Frjótala** er mælieining fyrir fjölda frjókorna í andrúmsloftinu og segir okkur hver meðalfjöldi frjókorna var í einum rúmmetra lofti viðkomandi sólarhring.



Garðabær. Heildarfjöldi frjókorna í júní reyndist 907 frjó/m³ sem er yfir meðaltali árána 2011 – 2013 (710 frjó/m³). Grasfrjó voru algengust eins og búast má við í júlí eða 787 frjó/m³. Alls varð frjótala grasa fimm sinnum 50 frjó/m³ eða hærri og fór hæst í 144 frjó/m³ þann 29. júlí. Eins og sjá má á myndritinu hélt rigningin sunnanlands frjótölum lágum á tímabili en þrátt fyrir það varð heildarfjöldi grasfrjóa í júlí yfir meðallagi (622 frjó/m³). Heildarfjöldi grasfrjóa það sem af er sumri er jafnframt kominn fram úr heildarfjölda árána 2011 – 2013, líkt og fyrir norðan. Af öðrum frjógerðum voru súrufrjó næstalgengust eða 35 frjó/m³, en frjótala súru er alla jafna fremur lág.



Myndritið sýnir grasfrjó, súrufrjó og heildarfjótölu frá 1. júlí til 31. júlí. Frjótala grasa fór í 144 frjó/m³ þann 29. júlí. **Frjótala** er mælieining fyrir fjölda frjókorna í andrúmsloftinu og segir okkur hver meðalfjöldi frjókorna var í einum rúmmetra lofts viðkomandi sólarhring.

Framundan. Búast má við að verði veður þurrt og stillt geti komið dagar í ágúst þar sem frjótölur grasa verða háar. Á Akureyri er algengast að ágúst sé aðal grasmánuðurinn en síðast liðin ár hefur hámark grasfrjóa á höfuðborgarsvæðinu verið í júlí. Því getur reynst erfitt að spá fyrir um framhaldið.

Frjótölur eru birtar á síðu 193 í Textavarpinu. Einnig eru frjótölur birtar fyrir gras (http://www.ni.is/media/frjomaelingar/heima_gras2014.htm) á vef NÍ, um leið og frjótölur liggja fyrir. Að lokum er vert að minna á frjódagatal á forsíðu vefs NÍ, en það gefur til kynna hver áhættan er á ofnæmisviðbrögðum.

Vinsamlega hafið samband við undirritaða ef óskað er frekari upplýsinga.

Akureyri 8. ágúst 2014

Lára Guðmundsdóttir

Netfang lara@ni.is
www.ni.is

